

Vinna á Íslandi

- lágmarkslaun og annað sem skiptir máli!



- Samkvæmt EES-samningnum, hafa starfsmenn í ríkjum **Evrópska efnahagssvæðisins** rétt til að ráða sig til vinnu hér á landi **án sérstaks atvinnuleyfis**.
- Starfsmenn **utan** EES-svæðisins: Þeir sem vilja sækja um dvalarleyfi (og atvinnuleyfi) á Íslandi **verða að hafa vinnu á Íslandi og undirritaðan ráðningarsamning**. Ráðningarsamningurinn verður fylgja umsókninni.
- Samkvæmt lögum eiga **atvinnurekandi og stéttarfélag** að veita starfsmanni, sem kemur frá landi utan EES og hefur atvinnuleyfi, upplýsingar um **grunnnámskeið í íslensku** fyrir útlendinga, **samfélagsfræðslu** og aðra þá fræðslu sem honum og fjölskyldu hans stendur til boða.
- Á Íslandi hafa **allir starfsmenn aðgang að stéttarfélögum**, ekki hika við að hafa samband við þitt stéttarfélag með spurningar eða kvartanir.
- Atvinnurekendum ber í síðasta lagi **innan tveggja mánaða** frá því að starfsmaður hefur störf að gera við hann **skriflegan ráðningarsamning**.
- Laun og önnur starfskjör sem kveðið er um í kjarasamningum eru skv. lögum **lágmarkskjör**. Lágmarkskjör í kjarasamningum standa **ekki** í vegi fyrir að samið sé um hærri **laun og/eða betri kjör**.
- Lágmarkstekjur eru **245.000** krónur á mánuði fyrir fullt starf (260.000 kr. frá 1. janúar 2016 ef nýr kjarasamningur verður samþykktur), þ.e. 173,33 vinnustundir á mánuði (40 stundir á viku), fyrir starfsmann sem hefur náð 18 ára aldri og hefur starfað í að minnsta kosti sex mánuði í sama fyrirtæki (þó að lágmarki 900 stundir).
- **Yfirvinna** er greidd með tímakaupi sem samsvarar **1,0385%** af mánaðarlaunum fyrir dagvinnu.
- Samkvæmt flestum kjarasamningum er heimilt að vaktavinna nái til hluta eða allra starfsmanna fyrirtækisins. **Vaktaálag er greitt** fyrir vinnu sem unnin er á tímabilinu frá 16:00 (frá 17:00 í veitinga- og gistihúsum) til 08:00 og um helgar. **Yfirvinna** er greidd fyrir vinnu **umfram 40 stundir** að meðaltali á viku í vaktavinnu.
- Vinna á **stórhátíðardögum** greiðist með tímakaupi sem samsvarar **1,375%** af mánaðarlaunum fyrir dagvinnu.
- Starfsmenn sem eru í starfi fyrstu vikuna í desember eða hafa verið samfelld í starfi hjá sama atvinnurekanda í 12 vikur á síðustu 12 mánuðum eiga rétt á **desemberuppbót**, hlutfallslega miðað við starfstíma á því almanaksári. Fullt ársstarf telst í þessu sambandi 45 unnar vikur eða meira fyrir utan orlof. Desemberuppbót skal greiðast **eigi síðar en 15. desember**. Desemberuppbót árið 2015 er 78.000 kr. Árið 2016 verður upphæðin 82.000 kr.
- Starfsmenn sem eru í starfi um mánaðarmótin apríl/maí eða hafa unnið a.m.k. 12 vikur á orlofsárinu (þ.e. á tímabilinu 1. maí til 30. apríl) eiga rétt á **orlofsuppbót**, hlutfallslega miðað við starfstíma á viðkomandi orlofsári. Fullt ársstarf telst vera 45 unnar vikur eða meira fyrir utan orlof. Orlofsuppbót sumarið 2016 er 44.500 kr. Orlofsuppbót 2017 er 46.500 kr. og 48.000 kr. árið 2018.

- Ef laun eru greidd mánaðarlega (almenna reglan), skal greiða þau út **fyrsta virka dag næsta mánaðar**. Þegar laun eru greidd út vikulega (40 dagvinnustundir) eða aðra hverja viku (80 dagvinnustundir) skal útborgunardagurinn, fyrir vinnu sem unnin var fram að helginni fyrir útborgunardaginn, vera á **fimmtudegi** eða **föstudegi**.
- Starfsmaður á rétt á að fá **launaseðil** við hverja útborgun launa sem hefur að geyma sundurliðun á launaútreikningi. Allar greiðslur skulu **sundurliðaðar á launaseðlinum**, svo sem dagvinna, yfirvinna og stórhátíðarkaup. Einnig skal allur frádráttur sundurliðaður.
- Dagvinna er unnin mánudaga til föstudaga, **8 klst.** á dag (40 stundir á viku) á dagvinnutímabili. Dagvinnutímabilið hefst kl. 07:00, en lok þess er er mismunandi eftir kjarasamningum. **Dagvinnutímabili verkafólks lýkur kl. 17:00**. Starfsmaður og atvinnurekandi semja um það sín á milli hvenær dagvinnan skuli unnin á fyrrgreindu tímabili.
- **Yfirvinna** hefst þegar starfsmaður hefur lokið fullum vinnudegi (á dagvinnutímabili). Vinna utan dagvinnutímabils er greidd með **yfirvinnukaupi**, nema þegar um er að ræða vaktavinnu.
- Matar- og kaffitímar starfsmanna eru **að lágmarki 30 mínútur** en yfirleitt eru þeir 60 mínútur. Venjulega eru tveir 20 mínútna kaffitímar í dagvinnu, yfirleitt teknir fyrir og eftir hádegi.
- Vinnutíma skal haga þannig að starfsmaður fái a.m.k. **11 klst. samfellda hvíld** á sólarhring.
- Starfsmaður sem unnið hefur fullt orlofsár, frá 1. maí til 30. apríl, á rétt á að **lágmarki 24 frídögum**.
- Starfsmaður sem verður óvinnufær vegna **veikinda** eða **slyss** á rétt á **launum** frá sínum vinnuveitanda í veikindunum. Starfsmaður ávinnur sér rétt til tveggja veikindadaga fyrir hvern unninn mánuð.
- Ef starfsmaður þarf að sinna **veikum börnum** sínum undir 13 ára aldri og annarri umönnun verður ekki við komið, skal starfsmaður **halda dagvinnulaunum** sínum (og vaktaálagi ef það á við) á meðan.
- Atvinnurekanda er **skyld að tryggja** starfsmenn sína fyrir dauða, varanlegri örorku og/eða tímabundinni örorku af völdum slyss við vinnu eða á eðlilegri leið frá heimili til vinnustaðar og frá vinnustað til heimilis.
- Meginreglan á Íslandi er sú að atvinnurekendur og starfsmenn hafa **jafna heimild til að slíta ráðningarsamningum**. Uppsagnir skulu vera **skriflegar** og á sama tungumáli og ráðningarsamningur starfsmannsins. Fyrstu tvær vikurnar í starfi er enginn uppsagnarfrestur. Eftir tveggja vikna samfelld starf hjá sama atvinnurekanda: 12 almanaksdagar. Eftir þrjú mánuði í starfi hjá sama atvinnurekanda, einn mánuður m.v. síðasta dag mánaðarins. Eftir þriggja ára starf hjá sama atvinnurekanda: þrjú mánuðir m.v. síðasta dag mánaðarins.
- Samkvæmt lögum og kjarasamningum greiðir starfsmaður iðgjald í **lífeyrissjóðs**, þ.e. **4%** af öllum sínum launum, og að sama skapi greiðir atvinnurekandi **8%** framlag á móti. Framlag atvinnurekanda hækkar 1. júní 2016 um 0,5% stig og verður 8,5%, 1. júní 2017 verður það 10% og 1. júní 2018 11,5%. Ef starfsmaður leggur til a.m.k. **2%** viðbótarframlag í séreignarlífeyrissparnað skal móttframlag vinnuveitanda vera **2%**.

